

Eco-Garden ehf.  
Stangarhyl 5  
110 Reykjavík

Akureyri, 15. júní 2023  
UST202305-272/H.Ö.J.  
07.07.02

### **Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði - Kröfur um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar til meðfylgjandi bréfs til Húsasmiðjunnar ehf., dagsett 24.5.2023 þar sem tilkynnt var um eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram í verslun Húsasmiðjunnar, Skútuvogi 14-16 þann 5. júní 2023.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi og merkingar, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015, reglugerð nr. 677/2021 og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Varan Topgun illgresiseyðir, þykkni / UkrudtsFri KVIK Koncentrat, sem Eco-Garden ehf. er birgir fyrir og féll undir umfang eftirlitsins, var skoðuð og uppfyllti hún ekki þær kröfur sem settar eru fram í gildandi lögum og reglugerðum. Frávik frá gildandi reglum, sem fram komu í eftirlitinu, eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

**Umhverfisstofnun veitir Eco-Garden ehf. frest til 30.6.2023 til að senda stofnuninni afrit af merkimiða fyrir vöruna Topgun illgresiseyði, þykkni / UkrudtsFri KVIK Koncentrat.**

**Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málsnúmerinu UST202305-272.**

**Fyrirliggjandi vörubirgðir skulu endurmerktar með uppfærðum merkimiða sem staðfestur hefur verið af stofnuninni.**

Umhverfisstofnun veitir Eco-Garden ehf. hér með frest til 30.6.2023 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 22.6.2023.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 206/2023 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 38 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Helgu Aspar Jónsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [helga.jonsdottir@ust.is](mailto:helga.jonsdottir@ust.is) til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllt

Helga Ösp Jónsdóttir,  
*sérfræðingur*

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
*sérfræðingur*

Meðfylgjandi:

Tilkynning um efnaeftirlit í Húsasmiðjunni ehf., dags. 24.5.2023.

Eftirlitsskýrsla, dags. 15.6.2023.